# Svamlað í djúpu lauginni… iPad í leikskólanum Álfaheiði

Fjóla Þorvaldsdóttir
leikskólasérkennari

# Glaðbeittur bæjarstjóri afhenti einn iPad á hverja leikskóladeild í Kópavogi 19. september 2014



# Viku áður.....

Veftré | Starfsfólk | Fyrir starfsmenn | A- A+ | English | Polski | Íslenska

**Kópavogsbær**

Kópavogsbær
Líkaði við 7,2þ. líkar þetta

Þjónustuver
**570 1500**

Forsíða | Þjónusta | Stjórnsýslan | Umsóknir | Bærinn minn | Íbúagátt | Okkar Kópavogur

Þú ert hér: Forsíða > Stjórnsýslan > Fréttir > Fréttasafn

## Stjórnsýslan

- Auglýsingastyrkir
- Áætlanir og ársskýrslur
- Bæjarstjóri
- Bæjarstjórn
- Dagatal
- Fundargerðir
- **Fréttir**
  - Tilkynningar
  - **Fréttasafn**
- Fyrir fjölmiðla
- Fyrir starfsmenn
- Mánaðarskýrslur
- Ráð, nefndir og stjórnir
- Samþykktir og ákvarðanir
- Skipurit
- Spurt og svarað

2016 2015 2014 2013 2012 2011

### Nemendur í Kópavogi fá spjaldtölvur

8.9.2015 12:40



*Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogs og Alexandra Björk Magnúsdóttir nemandi 9. bekk í Hörðuvallaskóla í Kópavogi að lokinni fyrstu afhendingu spjaldtölva til nemenda í bænum.*

Alexandra Björk Magnúsdóttir, elsti nemandi 9. bekkjar Hörðuvallaskóla, tók við fyrstu spjaldtölvunni fyrir hönd nemenda í 8. og 9. bekk skólans í morgun. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs afhenti Alexöndru tækið.
„Við höfum alltaf verið stolt af skólunum okkar í Kópavogi, en vitað um leið að það er ekki vænlegt til árangurs að standa í stað, spjaldtölvuvæðing grunnskólanna er byltingarkennt verkefni sem við erum stolt af og hlökkum að hrinda í framkvæmd." sagði bæjarstjóri Kópavogs við tækifærið.

Í kjölfarið var vígt glæsilegt húsnæði unglingadeildar Hörðuvallaskóla í Kórnum. Þar hafa verið innréttaðar sjö skólastofur og starfsmannaaðstaða og verða fleiri stofur teknar í notkun um áramót.

Nemendur í 8. og 9. bekkjar Hörðuvallaskóla og annarra grunnskóla í Kópavogi fengu svo afhentar spjaldtölvur í skólastofum sínum og er þar með spjaldtölvuvæðing grunnskóla Kópavogs hafin af fullum krafti.

Tæplega 900 tæki eru afhent að þessu sinni en innleiðing spjaldtölva í grunnskóla í Kópavogi hefst með þessum tveimur árgöngum. Sjötti og sjöundi bekkur fær spjaldtölvur upp úr áramótum og síðustu tveir árgangar næsta

# Forsagan – stefnumótun

### FRAMTÍÐARSÝN TIL FIMM ÁRA

- **Að nemendur í grunnskólum Kópavogs geti nýtt sér upplýsingatækni í námi. Stefna Kópavogsbæjar í upplýsingatækni verði höfð að leiðarljósi.**
  - *Upplýsingatækni stuðli að fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum í öllum námsgreinum.*
  - *Nemendur og kennarar nýta sér möguleika sem upplýsingatækni býður upp á í námi og kennslu.*
  - *Nemendur og kennarar geti notað eigin búnað í námi og kennslu ef svo ber undir.*
  - *Skólanámskrár og starfsáætlanir skólanna greina frá á hvern hátt skólar vinna að þessum markmiðum.*
- **Að kennarar fái fræðslu og stuðning til að geta nýtt sér upplýsingatækni til kennslu.**
  - *Grunnskóladeild stendur fyrir námskeiðum/fræðslufundum í kennslufræði upplýsingatækni.*
  - *Starf tölvuumsjónarmanna er skilgreint.*
  - *Kennsluráðgjöf í upplýsingatækni er skilgreind.*
  - *Þjónusta upplýsingatæknideildar Kópavogs við grunnskólana er skilgreind.*
- **Að stuðla að því að tækniumhverfi skólanna bjóði upp á valkosti hvað varðar tækjabúnað.**
  - *Upplýsingatæknideild Kópavogs býður skólum upp á val um tækjabúnað.*
  - *Upplýsingatæknideild fylgist með nýjungum á sviði upplýsingatækni og kynnir fyrir grunnskólum.*
  - *Upplýsingatæknideild er í fararbroddi með öryggi og þjónustuhæfi upplýsingakerfa bæjarins.*
- **Að stuðlað verði að miðlun þekkingar og samvinnu milli skóla á sviði upplýsingatækni.**
  - *Grunnskóladeild sér um að hvetja grunnskóla til að taka þátt í þróunar- og nýbreytniverkefnum og þeir kynni niðurstöður fyrir öðrum skólum.*
  - *Upplýsingatæknideild og grunnskóladeild halda reglulega fundi þar sem fulltrúar frá skólum ræða saman og skiptast á hugmyndum.*

### Mat og eftirlit

*Grunnskóladeild, í umboði skólanefndar, sér um mat og eftirlit með skólastarfi í sveitarfélaginu. Það felur í sér að fylgst er með hvort stefnu Kópavogsbæjar í upplýsingatækni sé framfylgt.*

*Grunnskólar framkvæma mat á stöðu nemenda í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.*

## STEFNA KÓPAVOGSBÆJAR Í UPPLÝSINGATÆKNI Í LEIKSKÓLUM

### LEIÐARLJÓS

Í leikskóla skiptir fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum miklu máli. Góður aðbúnaður í upplýsingatækni er mikilvægur þáttur í að gera leikskólum kleyft að koma til móts við kröfur nútímans. Mikilvægt er að börn öðlist tækifæri og þjálfun í nútímatækni. Stuðla skal að fjölbreyttum vinnubrögðum og börnum veitt jöfn tækifæri til að afla sér þekkingar til að miðla á skapandi hátt. Til þess að svo geti orðið þurfa leikskólakennarar að hafa góða þekkingu á upplýsingatækni og aðgang að tækjabúnaði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

### FRAMTÍÐARSÝN – MARKMIÐ OG LEIÐIR

- **Að börn í leikskólum Kópavogs geti nýtt sér upplýsingatækni í starfi og námi.**
  - Upplýsingatækni stuðlar að fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum.
  - Börn og leikskólakennarar nýta sér möguleika sem upplýsingatækni býður upp á í námi og starfi.
  - Skólanámskrár og starfsáætlanir leikskólanna greina frá á hvern hátt leikskólar vinna að þessum markmiðum.
- **Að leikskólakennarar fái fræðslu og stuðning til að geta nýtt sér upplýsingatækni í námi og starfi með börnunum.**
  - Leikskóladeild standi fyrir námskeiðum/fræðslufundum á sviði upplýsingatækni í vinnu með börnum.
  - Leikskólastjórar hvetji og styðji leikskólakennara til að afla sér þekkingar á sviði upplýsingatækni með börnum
  - Skilgreina kennsluráðgjöf í upplýsingatækni.
  - Skilgreina starf tölvuumsjónarmanna.
  - Skilgreina þjónustu upplýsingatæknideildar Kópavogs við leikskóla.
- **Að stuðla að því að tækniumhverfi leikskólanna bjóði upp á valkosti hvað varðar tækjabúnað.**
  - Upplýsingatæknideild Kópavogs býður leikskólum upp á val um tækjabúnað.
  - Upplýsingatæknideild fylgist með nýjungum á sviði upplýsingatækni og kynnir fyrir leikskólum.
  - Upplýsingatæknideild er í fararbroddi með aðgengi, öryggi og þjónustuhæfi upplýsingakerfa bæjarins.
- **Að stuðlað verði að miðlun þekkingar og samvinnu milli leikskóla á sviði upplýsingatækni.**
  - Leikskóladeild sér um að leikskólar sem taka þátt í þróunarverkefnum kynni niðurstöður fyrir öðrum leikskólum.
  - Upplýsingatæknideild og leikskóladeild halda reglulega fundi, a.m.k. árlega, þar sem fulltrúar frá leikskólum ræða saman og skiptast á hugmyndum.

### MAT OG EFTIRLIT

Leikskóladeild, í umboði leikskólanefndar, sér um mat og eftirlit með leikskólastarfi í sveitarfélaginu. Það felur einnig í sér að fylgst er með hvort stefnu Kópavogsbæjar í upplýsingatækni sé framfylgt. Leikskólarnir meta árlega hvort unnið sé að markmiðum og leiðum stefnunnar og skrá í starfsáætlun leikskólans.

# Innleiðing spjaldtölva í grunnskóla



# Kennsluráðgjafar ráðnir í verkefnið


Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs

Sími 441 2360
spjaldtolvur@kopavogur.is

Leita...

Forsíða | Markmið | Skilmálar | Stýring | Leiðbeiningar | Spurningar og svör

Leit
Hafa samband
Veftré

## Starfsmenn

| Nafn | Starfsheiti | Netfang | |
|---|---|---|---|
| Björn Gunnlaugsson | Verkefnastjóri | bjorng@kopavogur.is | |
| Ellert Þór Júlíusson | Tæknistjóri | ellert@kopavogur.is | |
| Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson | Kennsluráðgjafi | eythors@kopavogur.is | |
| Kristín Björk Gunnarsdóttir | Kennsluráðgjafi | kristinb@kopavogur.is | |
| Sigurður Haukur Gíslason | Kennsluráðgjafi | sighauk@kopavogur.is | |

# Kennsluráðgjafar ráðnir í verkefnið

- Nei.... ekki leikskólann

# Kona spyr sig hvað er skóli í Kópavogi?

## *Aðalmarkmið spjaldtölvuvæðingarinnar er að bæta skólastarf í Kópavogi þannig að árangur verði áfram í fremstu röð en áherslur breytist í takt við nýja tíma.*

**Markmið tengd námi:**

1. Námið sniðið betur að hverjum og einum
2. Nemendur hafi meira um nám sitt að segja
3. Meiri ánægja og áhugi á námi, aukin ábyrgð og bættur árangur
4. Aukin fjölbreytni í námsumhverfi - nám á ferð og flugi
5. Nám færist nær daglegum veruleika nemenda

**Markmið tengd kennslu og skólastarfi:**

1. Meiri fjölbreytni í kennsluháttum
2. Nýtum tæknina til að þróa skólana
3. Stuðningur við markmið skóla án aðgreiningar, nemendur með sérþarfir í minna mæli aðgreindir frá bekk, sérkennsla færð inn í hópinn
4. Stuðningur við sjálfstæði skóla þar sem hver skóli hefur sín leiðarljós

**Markmið tengd bæði námi og kennslu, inntaki náms:**

1. Vægi sköpunar og nýsköpunar í námi aukið
2. Aukin tæknikunnátta nemenda og kennara
3. Bætt upplýsinga- og miðlalæsi nemenda, efling stafrænnar borgaravitundar
4. Breyttir starfshættir skóla m.t.t. nýrrar Aðalnámskrár og krafna atvinnulífs 21. aldar um færni
5. Breytt hlutverk í skólastarfi - nemandinn skapar þekkingu, kennari leiðbeinir og aðstoðar í stað þess að miðla þekkingu

**Markmið tengd samfélaginu:**

1. Aukin samvinna milli skóla, milli nemenda, milli kennara og út fyrir Kópavog og Ísland
2. Betri tengsl foreldra við nám nemenda og skólastarfið í heild

Hér er nánari upplýsingar um hugmyndafræðina.

## *Mælikvarðar og árangursviðmið*

Markmið spjaldtölvuinnleiðingar í Kópavogi eru margþætt. Þau snúa að inntaki og framkvæmd kennslu, að viðhorfum nemenda, kennara og foreldra til skólastarfsins, að frammistöðu og árangri nemenda og þannig mætti áfram telja. Enginn einn mælikvarði nær yfir öll þessi markmið og ávallt er mikilvægt að hafa hugfast að breytingar, sem ætlað er að stuðla að framförum í skólastarfi, skila ekki endilega uppsveiflu ef mælingar taka mið af óbreyttum áherslum.

Skólapúlsinn er mælitæki sem notast hefur verið við um árabil og hefur því þann kost að hægt er að bera saman niðurstöður fyrir og eftir innleiðingu. Könnun

- Hagnýtar upplýsingar
- Námskrá
- Lífsmennt
- Erasmus+
- **Faglegt starf**
  - Mál og málörvun
  - Náms og kynnisferðir
  - Sérkennsla
  - Starfsáætlanir
  - Stefnumótun
  - Þróun og nýbreyttni
  - Kannanir
  - **Upplýsingatækni í leikskóla**
- Barnasáttmálinn
- Grænfáninn
- Forvarnir
- Öryggismál
- Nemendur
- Skóladagatal
- Styrktarbarn leikskólans
- Fréttir
- Atburðir
- Vefstjórn


2.9.2015

# Innleiðing upplýsingatækni

Um þessar mundir er eitt ár síðan að leikskólar í Kópavogi fengu úthlutað auknum tæknibúnaði til þess að innleiða upplýsingatækni í skólastarfið. Þannig fengum við hér í Álfaheiði úthlutað iPad inn á hverja deild og tvær nýjar fartölvur einnig. Afhendingu þessa búnaðar fylgdi síðan ekkert meira, þeir sem höfðu þörf fyrir gátu jú farið á námskeið til þess að læra á nokkur smáforrit. Engin aðstoð við innleiðingu á upplýsingatækni fór fram, engin kennslufræðileg ráðgjöf eða eftirfylgni , heldur var starfsfólki leikskólanna hennt út í djúpu laugina og þeim ætlað að synda að landi. Sem betur fer á að fara aðra leið núna þegar kemur að innleiðingu iPads í grunnskólum bæjarins og er það vel.

Það sem við höfum gert hér í Álfaheiði er að reyna eftir megni að nýta okkur stefnu í upplýsingatækni fyrir leikskóla Kópavogs og vinna í anda hennar. Í henni kemur fram að í leikskóla skiptir fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum miklu máli. Mikilvægt er að börn öðlist tækifæri og þjálfun í nútímatækni. Leikskólarnir eiga að stuðla að fjölbreyttum vinnubrögðum og veita börnum jöfn tækifæri til að afla sér þekkingar til að miðla á skapandi hátt.

En í stefnunni segir ennfremur að til þess að svo geti orðið þurfa leikskólakennarar að hafa góða þekkingu á upplýsingatækni og aðgang að tækjabúnaði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Reynslan hefur sýnt að fjölmargir þættir skipta máli fyrir árangursríka innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi. Fjárfesting í spjaldtölvum ein og sér skilar ekki sjálfkrafa árangri. Rannsóknir benda til þess að áhugi kennara og skuldbinging þeirra við verkefnið skipti megin máli. Eigi að ná fram umbreytingu á námi þá þarf að nálgast vekefnin á nýjan hátt, prófa sig stöðugt áfram og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum sem unnið er að.

Evrópska skólanetið gerði úttekt í þrjátíu og einum skóla í Evrópu til þess að skoða hvaða þættir eru líklegastir til að styðja við innleiðingu iPads í skólastarfi, en þeir eru:

-Breytingar þurfa að vera vel skipulagðar og studdar kennslufræðilegum gildum.
-Sveigjanlegur rammi þarf að vera um starfið sem inniheldur markmið, leiðbeiningar og verkfæri fyrir breytingarnar.
-Breytingarnar þurfa að verða hluti af menningu skólans og einhverskonar hvatning þarf að vera til staðar fyrir kennara svo að þeir sjái hag í því að taka virkan þátt.
-Meta þarf áhrif breytinganna reglulega og taka til greina nýja færni sem getur komið fram við nám með notkun upplýsingatækni.
-Starfsþróun kennara og stuðningur við þá þarf að viðhaldast allt ferlið og þá er félagsstuðningur ein þeirra leiða sem getur stutt við það. Gagnlegt er fyrir kennara að fylgjast með kennslu hjá samkennurum.

Þar sem við hér í Álfaheiði höfum verið að feta, að margra kennara mati, algerlega nýjar slóðir með innleiðingu á iPad í skólastarfið finnst okkur rétt að líta um öxl. Það er reynsla okkar að halda að hlutirnir breytist við það eitt að kaupa tækin sé megin fyrra, kaupin sjálf eru minnsta málið.
Það sem innleiðingin snýst um er kennslufræði og markmið skólastarfs… ekki öpp eða bara það eitt að kaupa tæki. Fyrir hverja var verið að kaupa þau og hvað ætlum við að gera með þau?
Þess vegna finnst okkur rétt að staldra við á þessum tímamótum og skoða hvað við höfum verið að gera og hvað við viljum gera til framtíðar.
Við höfum því ákveðið að leita okkur upplýsinga eins víða og hægt er til þess að gera eins vel og hægt er. Við höfum því verið að grúska á Netinu eftir upplýsingum og þá einnig eftir því hvað hefur ekki tekist nógu vel til þess að geta lært af þeim mistökum sem kennarar hafa gert.

Við innleiðingu á upplýsingatækni í skólastarfi er mikilvægt að kennarar og skólastjórnendur hafi mikla þolinmæði

# Evrópska skólanetið

- Úttekt í 31 skóla í Evrópu sýna hvaða þættir eru líklegastir til að styðja við innleiðingu iPads í skólastarfi:

  - Breytingar þurfa að vera vel skipulagðar og studdar kennslufræðilegum gildum.
  - Sveigjanlegur rammi þarf að vera um starfið sem inniheldur markmið, leiðbeiningar og verkfæri fyrir breytingarnar.
  - Breytingarnar þurfa að verða hluti af menningu skólans og einhverskonar hvatning þarf að vera til staðar fyrir kennara svo að þeir sjái hag í því að taka virkan þátt.
  - Meta þarf áhrif breytinganna reglulega og taka til greina nýja færni sem getur komið fram við nám með notkun upplýsingatækni.
  - Starfsþróun kennara og stuðningur við þá þarf að viðhaldast allt ferlið og þá er félagsstuðningur ein þeirra leiða sem getur stutt við það. Gagnlegt er fyrir kennara að fylgjast með kennslu hjá samkennurum.

# Nýta iPad í kennslufræðilegum tilgangi í leikskólastarfinu

Megin áhersla er á að börnin:

- læri á smáforrit í iPad sem ætluð eru til þess að auðga ímyndunaraflið og sköpunarkraft þeirra.
- læri umgengni við iPadinn
- eflist félagslega í nánu samstarfi við hvert annað.

Allt sem gerist fer á heimasíðuna
http://alfaheidi.kopavogur.is/
http://alfaheidi.kopavogur.is/deildir/lundur/


2
4
2
4




R Í SJÓ
PRÝÐI




1
2
3
4








Rockin' Reindeer!

# Bíómyndin

- https://www.youtube.com/watch?v=9p9-iHGWBI8

- Verðlaunamyndin  Draugar

https://www.youtube.com/watch?v=-UZAcm172nc